



Reglur Vestmannaeyjabæjar um niðurgreiðslur v/dagvistunar í heimahúsum

1. gr

Vestmannaeyjabær samþykkir niðurgreiðslur til barna sem eru í dagvistun í heimahúsum og eru á biðlista eftir leikskólaplássi.

2. gr

Niðurgreiðslan nær til barna frá 9 mánaða aldri (6 mánaða aldri hjá einstæðum foreldrum) og skulu barnið og forráðamenn þess hafa lögheimili og búsetu í Vestmannaeyjum. Hægt er að sækja um niðurgreiðslu fyrir börn yngri en 9 mánaða (lágmarksaldur 6 mánaða) ef viðkomandi dagforeldri hefur starfað að lágmarki í tvö ár og verið með yfir 60% nýtingu plássna að jafnaði. Inntaka skal ávallt taka mið að aldri barna, þ.e. eldri börn og forgangshópar ganga fyrir dagvistunarplássi hverju sinni.

3. gr

Sækja skal um niðurgreiðslu á umsóknareyðublaði sem er að finna á vefsíðu sveitarfélagsins www.vestmannaeyjar.is eða í þjónustuveri Ráðhússins og skal skila þangað. Móttaka umsókna og afgreiðsla er í þjónustuveri Ráðhússins. Umsókn er aldrei afturvirk.

4. gr

Dagforeldri skal hafa leyfi Vestmannaeyjabæjar til daggæslu skv. ákvæðum reglugerðar um daggæslu í heimahúsum nr. 907/2005.

5. gr

Niðurgreiðsla eru veitt frá næstu mánaðarmótum eftir að umsókn er móttækin ef barnið hefur náð aldri til úthlutunar og umsókn um leikskólavist liggur fyrir.

6. gr

Niðurgreiðsla fyrir mánaðarklukkustund er 8.667 kr fyrir foreldra í sambúð og 9.967 kr fyrir einstæða foreldra. Miðað er við að greitt sé fyrir 7,5 mánaðarklukkustundir að hámarki.

7. gr

Niðurgreiðsla er greidd fyrirfram og greiðist til dagforeldrisins skv. undirrituðum vistunarsamningi. Dagforeldri skilar jafnframt mánaðarlista og greiðsluseðli, staðfestum af forráðamanni, í þjónustuver Ráðhússins mánaðarlega.

8. gr

Niðurgreiðsla fæst að hámarki greidd í 11 mánuði á ári og fellur niður þegar barn fær boð um leikskólavist í leikskólum Vestmannaeyjabæjar hvort sem leikskólavist er þegin eða henni hafnað.

9. gr

Forráðamenn sem skulda eldri gjöld hjá Vestmannaeyjabæ fá ekki samþykktar niðurgreiðslur fyrr en skuldin er að fullu greidd. Verði um ofgreiðslur að ræða á niðurgreiðslum vegna daggæslu í heimahúsum áskilur Vestmannaeyjabær sér rétt til að krefjast endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli rangra upplýsinga eða umsækjandi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til niðurgreiðslna, er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

Reglur þessar taka gildi 1. júní 2020

Samþykkt í fræðsluráði 20. maí 2020 og staðfest í bæjarstjórn Vestmannaeyja 28. maí 2020.